

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 306/1994.

**Protabú K. Jónssonar & Co. hf.**

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

gegn

**Sparisjóði Akureyrar og Arnarneshrepps**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

**og gagnsök**

Gjaldprotaskipti. Riftun. Veðréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1994. Hann krefst þess, að rift verði greiðslu, sem K. Jónsson & Co. hf. innti af hendi til gagnáfrýjanda 10. desember 1992, og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 3.584.802,40 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1994. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, sem hann krefst í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með þeirri greiðslu, sem aðaláfrýjandi leitar riftunar á, voru að fullu gerðar upp ógjaldfallnar eftirstöðvar skuldar K. Jónssonar & Co. hf. við gagnáfrýjanda samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af félaginu 5. júlí 1989. Skuldin var tryggð með 2. veðrétti í fasteign stjórnarformanns félagsins að Þingvallastræti 20 á Akureyri á eftir veðtryggingarbréfi fyrir 20.000 krónum frá árinu 1974. Bú K. Jónssonar & Co. hf. var tekið til gjaldprotaskipta 11. mars 1993, og er sá dagur jafnframt frestdagur við skiptin.

Fyrirgreind fjárhæð var innt af hendi á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag til greiðslu skuldar, sem var þá ekki fallin í gjalddaga, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Var því greitt fyrir en eðlilegt var. Hefur gagnáfrýjandi ekki vísað til atvika, sem nægja til, að greiðslan megi hafa virst venjuleg. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum 1.

mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. til að verða við kröfu aðaláfrýjanda um riftun á greiðslu skuldarinnar. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að þessu leyti.

Gagnáfrýjandi styður kröfu sína um staðfestingu ákvæða héraðsdóms um sýknu hans af greiðslukröfu aðaláfrýjanda við aðildarskort. Hann telur, að aðaláfrýjandi hefði með réttu átt að beina kröfu um riftun að þeim, sem hafði hag af umræddri greiðslu, en það hafi eingöngu verið eigandi fasteignarinnar, sem stóð að veði fyrir skuldinni.

Í skilningi upphafsmálsliðar 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 hafði gagnáfrýjandi þann hag af fyrrgreindri ráðstöfun, að með henni var greidd að fullu krafa hans, sem K. Jónsson & Co. hf. var skuldari að. Naut gagnáfrýjandi þannig hags af ráðstöfuninni á kostnað annarra lánardrottna félagsins. Skiptir þá ekki máli, þótt ráðstöfunin hafi um leið verið til hagsbóta eiganda þeirrar fasteignar, sem var veðsett fyrir skuldinni, og aðaláfrýjandi kunni af þeim sökum að hafa getað beint kröfu að honum af þessu tilefni með stoð í 147. gr. laga nr. 21/1991. Er þá til þess að líta, að heimildin í síðastgreindu lagaákvæði til að beina kröfu að þriðja manni, sem losnar undan tryggingu fyrir skuld þrotamanns með riftanlegri greiðslu, er að meginreglu háð huglægri afstöðu hins fyrrnefnda til atvikanna, sem gera þá ráðstöfun riftanlega. Að þessu leyti er reglan í 147. gr. laga nr. 21/1991 í grundvallaratriðum frábrugðin aðalreglum laganna um riftun, í 131. gr. til 138. gr. þeirra, þar sem huglæg afstaða ræður engu um heimild til riftunar. Er því ekki unnt að líta svo á, að heimildin í 147. gr. laga nr. 21/1991, sem veitir þrotabúi aðeins valkost um leið til málsóknar, standi því í vegi, að aðaláfrýjandi beini kröfu um riftun og endurgreiðslu að gagnáfrýjanda sem viðtakanda greiðslunnar fremur en að þriðja manni, sem hefði um leið hag af henni.

Greiðslan til gagnáfrýjanda var innt af hendi með peningum og kom honum þannig að notum, svo sem um ræðir í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Liggur ekki annað fyrir í málinu en að tjón aðaláfrýjanda svari til fjárhæðar greiðslunnar. Verður því tekin til greina krafa aðaláfrýjanda um greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda á 3.584.802,40 krónum með dráttarvöxtum frá 17. júní 1993, þegar mánuður var liðinn, frá því að aðaláfrýjandi krafði fyrst gagnáfrýjanda um greiðslu, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987. Verður gagn-

áfrýjanda einnig gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um riftun skulu vera óröskuð.

Gagnáfrýjandi, Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps, greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi K. Jónssonar & Co. hf., 3.584.802,40 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. júní 1993 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. júní 1994.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní sl., hefur þrotabúi K. Jónssonar & Co. hf., kt. 670169-4059, Akureyri, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 9. nóv. 1993, á hendur Sparisjóði Akureyrar og Arnarneshrepps, kt. 610269-7459, Akureyri, til riftunar greiðslu við gjaldþrot.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að rift verði greiðslu á eftirstöðvum veðskuldabréfs og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 3.584.802,40 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. des. 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. fram lögðum reikningi, sem beri sömu vexti og að ofan greinir, að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags ásamt virðisaukaskatti. Til vara er krafist dráttarvaxta frá 12. mars 1993 til greiðsludags og til þrautavara dráttarvaxta frá 17. maí 1993 til greiðsludags.

Stefndi gerir þá kröfu, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað skv. reikningi eða að mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að Niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar & Co. hf. hafi verið úrskurðuð gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðnum 11. mars 1993. Þegar sama dag og næstu daga hafi verið fréttir í öllum helstu fjölmiðlum landsins um gjaldþrotið. Auglýsing um gjaldþrotið og innköllun hafi birst í 28. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem kom út 2. apríl 1993.

Við athugun á bókhaldi þrotabúsins hafi komið í ljós, að 10. des. 1992

hafi veðskuldabréf í Sparisjóði Akureyrar og Arnarneshrepps verið greitt upp með 3.584.802,40 kr. Greiðslan, sem sé stefnufjárhæðin, hafi gengið til uppgreiðslu á veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 7.500.000 kr., út gefnu 5. júlí 1989, tryggðu með 2. veðrétti og uppfærslurétti í Þingvallastræti 20, Akureyri, eign Kristjáns Jónssonar, stjórnarformanns Niðursuðuverksmiðju K. Jónssonar og Co. hf. Veðskuldabréfið hafi átt að greiða á fimm árum með 19 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. jan. 1990. Hinn 27. nóv. 1992 hafi verið greidd 12. afborgun, og eftirstöðvar skuldarinnar eftir þá greiðslu hafi skv. greiðsluseðli verið 3.519.218,80 kr. Þegar skuldabréfið hafi verið greitt upp 10. des. 1992, hafi höfuðstóll þess ásamt vöxtum og verðbótum verið 3.584.802,40 kr.

Hinn 17. maí 1993 hafi skiptastjóri búsinns ritað stefnda bréf og hann þá verið krafinn um endurgreiðslu, en stefndi hafnað kröfu skiptastjóra.

Stefnandi heldur því fram, að greiðslan til stefnda 10. 12. 1992 sé riftanleg þegar af þeirri ástæðu, að um sé að ræða greiðslu á skuld, sem ekki var fallin í gjalddaga. Greitt hafi verið, fyrr en eðlilegt gat talist, og með greiðslu skuldarinnar hafi kröfuhöfum verið vísitandi mismunað. Stefnandi miðar vaxtakröfu við greiðsludag skuldarinnar; í öðru lagi er miðað við 12. mars 1993, daginn eftir gjaldþrotið, því að þá hafi stefnda eins og öllum öðrum verið kunnugt um gjaldþrotið. Prautavarakrafa vaxta er miðuð við dagsetningu bréfs skiptastjóra til stefnda, þar sem hann krafðist greiðslu.

Til stuðnings riftunarkröfu sinni vísar stefnandi til 134. gr. laga nr. 21/1991 og til 142. gr. sömu laga um skyldu stefnda til endurgreiðslu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti skv. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991. Hann telur, að riftunarkröfunni hefði átt að beina að þeim aðila, sem hags naut af greiðslunni, það er eiganda veðsins Þingvallastrætis 20, Akureyri. Stefnandi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla K. Jónssonar & Co. hf. til stefnda 10. des. 1992 hafi verið riftanleg. Ekki hafi verið um að ræða uppgreiðslu á ótrygðu láni eða láni, þar sem um hafi verið að ræða ótryggt veð. Viðtaka stefnda á fyrrnefndri greiðslu hafi verið venjuleg og eðlileg bankaviðskipti, þar sem ekki sé óvenjulegt, að tekin lán séu greidd upp fyrir gjalddaga af ýmsum ástæðum. Stefnandi hafi ekki getað neitað að taka við greiðslunni. Ekki verði séð, að stefndi hafi notið hagsbóta af þessari ótímabæru greiðslu, þar sem hann hafi haft fullnægjandi veð fyrir kröfu sinni.

Óumdeilt er, að greiðsla sú, er að framan er getið, fór fram fyrir gjalddaga skuldarinnar og innan sex mánaða fyrir frestdag, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi hefur ekki sýnt nægjanlega fram á, að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum. Skilyrði framangreindrar lagagreinar til riftunar eru því fyrir hendi, og ber að staðfesta heimild stefnanda til riftunar.

Upplýst er af gögnum málsins, að samkvæmt veðbréfi, dags. 5. júlí 1989 og þinglýstu sama dag, var stefnda sett að veði til tryggingar framangreindri skuld fasteignin Þingvallastræti 20, Akureyri, með 2. veðrétti á eftir veðskuld, upphaflega að fjárhæð 20.000 kr., samkv. veðbréfi, dags. 1. apríl 1974. Samkvæmt vottorði Fasteignamats ríkisins, dags. 16. des. 1993, var fasteignamat eignarinnar þá samtals 12.922.000 kr., og samkv. vottorði Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 16. des. 1993, nam vátryggingarfjárhæð eignarinnar þá 23.266.000 kr. Með framangreindu hefur stefndi sýnt nægjanlega fram á, að trygging hans fyrir greiðslu skuldarinnar var næg, þótt greiðsla bryðist af hálfu hins gjaldþrota félags. Stefndi hafði því ekki þann hag af greiðslunni, að hann verði sóttur til endurgreiðslu hennar samkvæmt 142. gr. laga nr. 21/1991, og ber því að sýkna hann af fjárkröfu stefnanda.

Ekki þykja efni til að fjalla frekar en að framan greinir um þá sýknuástæðu stefnda, að um sé að ræða aðildarskort af hans hálfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

#### D ó m s o r ð:

Riftun stefnanda, þrotabús K. Jónssonar & Co. hf., á framangreindri greiðslu er staðfest.

Stefndi, Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps, á að vera sýkn af fjárkröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---